

**Æskulýðsnefnd hmf. Hrings  
Dalvíkurbyggð  
Ársskýrsla fyrir starfsárið 2017 – 2018**

---



## Efnisyfirlit

Æskulýðsstarfið .....	3
Æskulýðsnefnd 2017 – 2018 .....	4
Jólabingó .....	4
Viðurkenningar .....	5
Vídeó-kvöld .....	5
Reiðnámskeið .....	5
Knapamerki .....	7
Páskamót .....	8
Styrkir .....	8
Gestakennari .....	9
Járninganámskeið .....	9
Fjáröflun .....	9
Æskan og hesturinn .....	11
Fákar og fjör .....	11
Stekkjarsferð .....	12
Reiðtúrar .....	12
Æft saman .....	12
Opinn dagur .....	13
Félagspeysur .....	13
Heimur hestsins .....	13
Reiðnámskeið Simba .....	13
Keppni á hestamótum .....	14
Að lokum .....	16

## Æskulýðsstarfið



Það má með sanni segja að æskulýðsstarf Hrings haldi áfram að dafna. Til að ná sem flestra höfum við lagt áherslu á fjölbreytni í starfinu; boðið upp á þemahópa, námskeið sérniðin að elstu knöpunum og eftir liðsheild. Okkur hefur verið sérstaklega umhugað um að sinna þeim allra elstu, þ.e. unglingunum okkar og ekki síst ungmennunum. Verkefni æskulýðsstarfsins höfðar e.t.v. ekki lengur til knapa í ungmennaflokki og þeir farnir að taka að mestu þátt í almennum viðburðum hinna fullorðnu. En stundum vill gleymast að þeir þurfa áframhaldandi hvatningu, stuðning og utanumhald, sérstaklega þau ungmenni sem ekki eiga fjölskyldumeðlimi innan hestamennskunnar sem styðja við þau. Að þessu sinni vorum við svo lánsöm að fá til okkar gestakennara, en það var reiðkennarinn og -dómarinn Sina Scholz frá Miðsitju í Skagafirði, einnig buðum við þeim upp á járnnganámskeið.

Eins og áður hefur stjórn Hrings lagt áherslu á að öll börn sem áhuga hafa geti tekið þátt í námskeiðum félagsins. Því niðurgreiðir félagið námskeiðsgjöld allverulega og Christina Niewert, eða Tína reiðkennari eins og hún er alltaf kölluð, útvegaði hesta fyrir þau börn sem ekki höfðu aðgang að reiðhesti.

Líkt og fram kom í skýrslu okkar á slíðastliðnu ári er það vilji okkar að dreyfa viðburðum meira yfir árið en verið hefur og nýta haustmánuðina. Í september buðum við upp á reiðtúr upp að Kofa á Böggvisdal (dalur fyrir ofan Dalvíkina, reiðtúr fyrir þá sem ráða vel við hestinn sinn). Ekki náðist þátttaka í reiðtúrinn og er það líklega þar sem grunn- og framhaldsskólarnir voru hafnir og athygli elstu knapanna okkar komin í þá átt. Einnig eru göngur á þessum árstíma og er mikil hefð fyrir þeim hér á svæðinu. Við gerðum einnig tilraun til að fara í „Menningarferð“ með unglingana okkar og ungmennin. Veðrið var nú eitthvað að stríða okkur og þegar búið var að skipuleggja allt urðum við að aflýsa ferðinni

skum veðurs. Vetrarstarfið okkar hófst því eins og venja er á hinu árlega jólabingó.

Við höfum orðið vör við talsvert aukinn áhuga á reiðnámskeiðum fyrir börn. Sést það m.a. í því að meðlimum Hrings 21 árs og yngri hefur fjölgað um ríflega fjórðung eða 27% frá september 2017 til september 2018. Þátttakendum á reiðnámskeiðum Æskulýðsnefndar hefur einnig fjölgað þrátt fyrir að við höfum misst út nokkra unglunga sem hafa verið virkir árum saman. Fjölgunin á námskeiðunum nemur rúmum 20%. Við rekjum þessa fjölgun til þess að við höfum auðveldað aðgengi barna og foreldra að hestum. Bæði hafa reiðkennarar komið með eigin hesta á námskeiðin og félagsmenn Hrings lánað gamla höfðingja með milligöngu Æskulýðsnefndar.

## Æskulýðsnefnd 2017 – 2018

Dagbjört F. Ásgeirsdóttir, formaður  
Álfheiður Ösp Haraldsdóttir  
Ásdís Erla Gísladóttir  
Bergljót V. Jónsdóttir  
Bjarki Brynjuson  
Christina Niewert (Tína reiðkennari)

Hjörleifur Sveinbjörnsson  
Ingunn Margrét Hallgrímsdóttir  
Lilja Guðnadóttir  
Vigdís Sævaldsdóttir  
P. Albert Reimarsson  
Þóra Gunnsteinsdóttir

## Jólabingó



Um mánaðarmótin nóvember - desember héldum við jólabingóið okkar vinsæla. Allir mættu með eitthvað gott á hlaðborðið og svo var spilað, enda margir góðir vinningar í boði. Það gleður okkur alltaf jafn mikið að sjá félagssalinn okkar fyllast; afar, ömmur, frænkur, frændur og vinir fylgja með krökkunum okkar í æskulýðsstarfinu og sjaldséð andlit láta sjá sig.

## Viðurkenningar

### Hvatningaverðlaun

Urður Birta Helgadóttir (f. 2003) hlaut Hvatningaverðlaun Æskulýðsnefndar í annað sinn, en yfirleitt er þessi viðurkenning einungis veitt hverjum einstaklingi einu sinni. Áhugi Urðar á hestamennsku er óþrjótandi. Hestamennskan gengur fyrir í einu og öllu; samvisekusemi, dugnaður og eljusemi einkennir hana.



### Dugnaðarforkurinn

Arnór Darri (f. 2010) hefur vakið eftirtekt allra í Hringsholti fyrir dugnað sinn og kraft. Það má sjá hann moka, sópa stéttar hjá sér og öðrum, reka, standa fyrir, kemba, ríða út og keppa. Hann er þrúðmannlegur og mikill félagi, heilsar fólki með nafni, stingur sér inn í hin ýmsu hesthús og ræðir ættfræði hesta, lunderni þeirra og fóðrun. Það verður virkilega gaman að fylgjast með þessum kraftmikla hestamanna á komandi árum.

## Vídeó-kvöld

Undir miðjan janúar héldum við okkar árlega vídeó-kvöld. Við hittumst í Hringsholti, ræddum um komandi námskeið og hvað krökkunum langaði að gera þetta árið og fengum okkur ljúffengar pizzur og gos. Síðan horfðum við á myndina Svarta folann. Og þar sem allir pizza-staðirnir í Dalvíkurbyggð voru í vetrarfríi, brettu þær Tína, Heiða og Stína upp ermar og bökuðu pizzur svo allir urðu saddir og sælir.

## Reiðnámskeið

Námskeiðin hófust upp úr miðjum janúar og stóðu út maí mánuð. Kennar var u.þ.b. aðra hverja helgi. Um kennsluna sáu þær Christina (Tína) Niewert og Bergþóra (Begga) Sigtryggadóttir.



#### Markmið reiðnámskeiða Æskulýðsnefndar:

- Aukið jafnvægi knapa
- Betri stjórn knapa á hesti sínum
- Betri samskipti knapa við hest sinn

#### Námskeiðshópar

##### Pollaflokkur

Fyrir yngstu knapana, ½ klst. í senn. Tvö börn saman í hópi sem teymt er undir. Áhersla lögð á leik og skemmtilegar jafnvægisæfingar, kemba, leggja á og teyma. Börnin þurfa ekki að koma með hest.

##### Barnaflokkur

Fyrir þá sem koma upp úr Pollaflokki, kennt í u.þ.b. 45mín. Hver er á sínum hesti, áhersla á að læra um eðli hestsins, stjórn, jafnvægi og samskipti. Farið í skemmtilega leiki til að þjálfa færni; sætisæfingar, ríða berbak, þrautabraut o.s.frv.

##### Eldri börnin

- Gangþjálfun reiðhestsins
- Gangþjálfun með keppni í huga
- Þrautabraut
- Hindrunastökk
- Bogfimi á hestbaki
- Ungir hestar

### **Þrautabraut**

Upp á kassa  
Plasthengi, plast á golfi, draga hluti og fleira  
Riðið aftur á bak  
Krossgangur yfir stöng

Beislislausar æfingar  
Vinna með hestinn í hendi – án taums – líkamstjáning knapans, hvernig á að byrja?

### **Hindrunastökk**

Hálflétt- og létt áseta  
Brokksþyrnuæfingar

Stökkæfingar  
Stökkva yfir hindranir

### **Þjálfun reiðhestsins**

Gangþjálfun, mýkt, slökun, hreinar gangtegundir

Teyma hestinn og teyma á hesti  
Skipulag þjálfunar

### **Gangþjálfun með keppni í huga**

Uppbygging þjálfunnar  
Mýkt og jafnvægi á öllum gangtegundum

Hjálpartæki (t.d. auka-taumar, hlífar o.þ.h.)  
Knapinn; jafnvægi, samaspil

### **Ungir hestar**

Stjórn og stefna  
Gangtegundir

Fyrstu útreiðatúrarnir  
Leysa fyrstu vandamálin

### **Bogfimi á hestbaki**

Öryggi  
Stjórn og stefna  
Jafnvægi

Venja hestinn við bogann  
Skotæfingar á baki

Eldri krakkarnir sóttu sér að mest kennslu í Knapamerkjum svo hóparnir miðuðust frekar að þeim yngri. Þar af leiðandi dattu út hóparnir ungir hestar, gangþjálfun með keppni í huga og þjálfun reiðhestsins.

## **Knapamerki**

Boðið var upp á kennslu í Knapamerkjum sl. vetur. Það var Bergþóra Sigtryggisdóttir reiðkennari sem bauð upp á og sá um kennsluna. Þó nokkur af krökkunum okkar sóttu sér námskeiðin, ýmist í Knapamerki 1 eða tóku stöðupróf og byrjuðu í Knapamerki 2. Við vonum að áfram verði boðið upp á kennslu í Knapamerkjum því þau eru eflandi, námsefni gott og síðast en ekki síst höfða vel til eldri krakkana.

Hringur niðurgreiddi námskeiðsgjöldin myndarlega; greiddi 50% af gjöldunum fyrir 21 árs og yngri.

## Páskamót



Okkar árlega Páskamót var haldið að venju á Skírdag. Mjög góð þátttaka var eins og undanfarin ár og glöddumst við sérstaklega að sjá ungmennin okkar taka þátt og skemmta sér með okkur. Þó svo reiðhöllin okkar sé ekki stór og glæsileg er heimamót sem þetta börnunum afar mikilvægt. Þarna fá þau tækifæri til að æfa sig og stíga sín allra fyrstu skref í keppni; læra keppnisreglurnar, efla sjálfsöryggi sitt og þjálfra hestinn sinn.

## Styrkir

Síðastliðið ár sóttum við um tvo styrki til eflingar starfsins.

### UMSE

Okkur var veittur styrkur að upphæð kr. 150þús. til að fá til okkar gestakennara. Við fengum til okkar Sinu Scholtz reiðkennara og -dómara. Þeir unglingar og ungmenni sem gátu og vildu fengu 3-4 tíma í einkakennslu sem Sina sneið að þörfum hvers og eins. Hvöttum við eindregið þá krakka sem stefndu á úrtöku fyrir landsmót til að sækja sér tímana.

### KEA

Við hlutum styrk að upphæð kr. 120þús. til að greiða niður flutningskostnað knapa og hesta frá Dalvíkurbyggð til Reykjavíkur á Landsmót hestamanna. Frá okkur fóru þrír keppendur í unglinga- og ungmennaflokki og fjögur hross, auk reiðkennara.



## Gestakennari

Eins og fram hefur komið fengum við til okkar gestakennara. Verkefnið heppnaðist afar vel og tel ég það vera samdóma álit þeirra sem að komu. Við lögðum mikla áherslu á að fá til okkar reiðkennara sem hefði, auk góðarar þekkingar og fagmennsku, þrúðmannlega framkomu og góða samskiptahæfileika; kennara sem væri góð fyrirmynd og sem gæti byggt upp öryggi, þekkingu og færni nemenda hvar sem þeir eru staddir í sinni reiðmennsku. Það hefur komið fyrir að viðkvæmir krakkar hafa sótt sér námskeið og komið niðurbrotin frá þeim. Það vildum við ekki. Við hvöttum bæði þá krakka sem eru að keppa til að sækja sér tímana, sem og þá sem stunda almenna reiðmennsku – ríða út í dalnum, fara í göngur o.s.frv. Sina Scholtz uppfyllti allar okkar kröfur og meira til. Krakkararnir voru virkilega ánægðir og við hefðum sannarlega ekkert á móti því að fá Sinu aftur til okkar.

Markmið verkefnisins var:

- Að auka fjölbreytni og gæði í kennslu og þjálfun
- Að auka áhuga og virkni iðkenda
- Að auka sjálfstraust iðkenda á keppnisvælinum
- Að bæta eftirfylgni og stuðning við iðkendur í unglinga- og ungmennaflokki
- Að koma í veg fyrir brottfall unglinga- og ungmenna úr virku starfi félagsins

## Járninganámskeið

Í maí buðum við upp á járninganámskeið og var það járningamaðurinn og félagsmaður Hrings Guðröður (Gurri) Ágústsson sem gaf okkur vinnu sína. Það voru nokkur ungmenni sem nýttu sér námskeiðið og fengu að æfa sig á löppum sem við fengum gefnar frá Jensen á Akureyri.

## Fjáröflun

Hingað til höfum við ekki mikið stundað fjáraflanir í starfi okkar í Æskulýðsnefnd, en okkur langar að bæta úr því. Það er mikilvægt að börnin geri sér grein fyrir að allt kostar og að stundum þurfum við að hafa fyrir hlutunum. Ýmsar hugmyndir að fjáröflun hafa komið upp og vonandi framfylgjum við þeim einni af annarra.



### Kembing og snyrting

Við buðum upp á kembingu fyrir hestaeigendur gegn 500 króna gjaldi fyrir hvern hest. Við áttum góðan dag í vorsólinni og má segja að sumir hestaeigendur hafi varla þekkt hest sinn aftur að kembingu lokinni.

### Fatamarkaður

Undanfarið ár eða svo höfum við í Æskulýðsnefnd viðað að okkur fatnaði og skóm sem nýttast í reiðmennsku. Við höfum bæði fengið gefins frá fólki í Hring og einnig höfum við verið í sambandi við Rauða krossinn. Við höldum síðan fatamarkað þar sem fólk gat komið og keypt sér t.a.m. reiðbuxur, lopapeysur og úlpur á kr. 500,- . Auk þess hlotnaðist okkur nokkur glæný þör af reiðskóm sem við seldum á kr. 5000,-

### Sjúkrakassi



Fyrir þann pening sem safnaðist keyptum við sjúkrakassa. Kassinn var settur upp í anddyri Hringsholts sem er um miðbik hússins og þar sem ávallt er hægt að nálgast hann. Í byrjun námskeiðana í vetur munum við síðan fara í gegnum kassann með börnunum og erum við svo heppin að einn fulltrúi okkar í Æskulýðsnefnd er hjúkrunarfræðingur og mun hún fræða börnin um innihaldið og notkun þess.

## Æskan og hesturinn

Hátíðin Æskan og hesturinn var haldin í reiðhöllinni á Akureyri í vor. Við fórum með eitt atriði sem börn á aldrinum 3ja til 16 ára tóku þátt í; *Álfar og huldufólk*. Atriðið var byggt á þjóðsögu Jóns Árnasonar um óhreynu börnin hennar Evu og gerðist að sjálfsgöðu hér í Svarfaðardalnum. Elstu krakkarnir okkar og fjölmargir foreldrar aðstoðuðu svo með uppsetningu og utanumhald.



## Fákar og fjör

Nokkrir af elstu knöpunum okkar fóru með atriði á hátíðina Fáka og fjör á Akureyri; *Hringsfélagar á Sprengisandi*. Atriðið vakti mikla kátínu áhorfenda, bæði var einmennt og tvímennt, undir frönsku rapplagi og lifandi harmonikkuspili.



## Stekkjarkjarsferð

Fjölskylduferðin okkar í Stekkjarkjars í botni Skíðadals var afar vel heppnuð eins og endranær. Veðrið hefði getað verið betra, en allir héldust þurrir og það er nú fyrir mestu. Fórum við á tveimur dögum ríðandi fram Svarfaðardalinn og svo Skíðadal og alla leið í Stekkjarkjars og svo til baka á sunnudegi.

Á laugardagskvöldinu var grillað, tekið í spil og farið í leiki. Fjölmargir foreldrar komu með, enda er þessi ferð orðin fastur liður hjá mörgum fjölskyldum. Og voru nokkrir knaparnir okkar að fara í sína fyrstu hestaferð.



## Reiðtúrar

### Fjölskyldureiðtúr

Æskulýðsnefnd bauð félagsmönnum í fjölskyldureiðtúr í febrúar og reið dágóður hópur fram Svarfaðardalinn í hörku gaddi og með bros á vör.

### Sundferð

Í maí riðum við saman að Sundlaug Dalvíkurbyggðar, hrossin voru sett í hól og svo fóru allir saman í sund áður en riðið var til baka. Þetta er tiltölulega stutt leið en að hluta til eftir malbikuðum vegi og var því farið mjög hægt yfir. Allt gekk þó vel og var mikil gleði og samkennd.

## Æft saman

Um miðja vorönn hófum við að bjóða upp á vikulegan hitting í reiðgerðinu okkar í Hringsholti. Elstu krakkarnir sáu um að vera til staðar og voru til aðstoðar þeim yngri; spiluð var tónlist og stundum sett upp þrautabraut. Okkur langar til að halda þessu áfram og búa til hefð fyrir nokkurs konar „samæfingum“. Þetta gerum við í þeim tilgangi að hvetja krakkana til að æfa sig oftár á milli reiðtíma, styrkja þau og efla.

## Opinn dagur

Til stóð að halda opinn dag á vorönninni. Við ákváðum hins vegar að bíða með daginn þar til rétt eftir áramót. Ástæða þess er tvenns konar. Annars vegar er mjög annasamt í hestamenskunni frá því námskeiðin hefjast og alveg fram í júní. Margir viðburðir, sýningar og mót eru haldin hér á svæðinu sem knaparnir okkar eru duglegir að sækja. Í örðu lagi langar okkur í byrjun janúar og áður en starf okkar hefst að fá leyfi til að fara inn í grunnskólana í Dalvíkurbyggð og kynna starf okkar með því markmiði að ná til enn fleiri barna.

## Félagspeysur

Við höldum áfram að bjóða krökkunum upp á merktar félagspeysur. Peysurnar eru frá 66°N, bæði fyrir börn og fullorðna. Barnapeysurnar voru seldar verulega niðurgreiddar af félaginu og fullorðins peysur á kostnaðarverði. Að eiga félagspeysur er enn einn liðurinn í að skapa góða liðsheild og gaman er að sjá hversu stolt og glöð það gerir börnin okkar.

## Heimur hestsins

Eins og önnur hestamannafélög fengum við send frá LH nokkur eintök af bókinni *Heimur hestsins – fróðleiksrít fyrir forvitna krakka*, eftir Frederike Laustroer, til handa eins árgangs í félaginu. Við ákváðum hins vegar árið 2016 þegar við fengum þær fyrst sendar að gefa öllum sex ára börnum bókina. Í ár fengu þau bókina að gjöf og einnig þau börn frá 6-10 ára aldri sem eru ný í félaginu og voru ekki búin að fá hana áður. Við vonum innilega að þessi góða bók verði áfram til sölu svo við getum haldið þessari hefð áfram.

## Reiðnámskeið Simba

Sumarið 2018 sá Sveinbjörn (Simbi) Hjörleifsson um reiðnámskeið fyrir börn eins og fyrri ár. Mikil aðsókn er að komast á reiðnámskeið hjá ungu kynslóðinni og mælast námskeiðin vel fyrir. Mörg börn njóta leiðsagnar hans á hverju ári og er þolinmæði hans og dugnaður ávalt til fyrirmyndar og eftirbreytni. Margur knapinn hér í Dalvíkurbyggð hefur stigið sín fyrstu skref á námskeiðum hjá Simba og gengið upp frá því í hestamannafélagið og er það þróun sem við höldum áfram að sjá.

## Keppni á hestamótum



Mörg af okkar börnum og unglungum voru dugleg að taka þátt í mótum í ár. Líkt og alltaf eru nokkrir sem eru duglegastir að keppa og skara fram úr í sinni íþrótt. Hér kemur smá upptalning af árangri þeirra, hafa þer í huga að listinn er ekki tæmandi, en það helsta talið til.

### **Bjarki Fannar Brynjuson (f. 1999)**

#### **Kea mótaröðin**

Fimmgangur, opinn flokkur, 1. sæti í B-úrslitum á Júdit frá Fornhaga

#### **Íslandsmót Hrings**

Annað sæti, A-úrslitum á Valþóri frá Enni

#### **Vormót Léttis**

Fjörgangur ungmenna, 4. sæti í A-úrslitum á Valþóri frá Enni

Fimmgangur, opinn flokkur, 5. sæti í A-úrslitum á Snædís frá Dalvík

#### **Fyrri úrtökumót Léttis**

Sjötta sæti í ungmennaflokki á Valþóri frá Enni

#### **Opin gæðingakeppni Hrings, úrtaka fyrir Landsmót**

Annað sæti í ungmennaflokki á Valþóri frá Enni

Fjórða sæti í A-úrslitum á Birtu frá Árhóli

#### **Hólamótið**

Fimmgangur ungmenna; 4. sæti í A-úrslitum á Valþóri frá Enni

#### **Stórmót Hrings**

Fimmgangur, 1. sæti í A-úrslitum á Snædís frá Dalvík

Fjörgangur í ungmennaflokki, 2. sæti á Valþóri frá Enni

Tölt í ungmennaflokki, 2. sæti á Valþóri frá Enni

### **Urður Birta Helgadóttir (f. 2003)**

#### **Firmakeppni Hrings**

4. sæti á Gusti frá Hrafnstöðum

### **Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson (f. 1999)**

#### **Æskulýðsdeild Léttis**

Fjörgangur, 6. sæti á Gígju frá Hrafnstöðum

Tölt, 5. sæti á Gígju frá Hrafnstöðum

Fimmgangur, 5. sæti í forkeppni á Gígju frá Hrafnstöðum

Gæðingaskeið, 3. sæti á Gígju frá Hrafnstöðum

#### **Hólamótið-Íþróttamót Skagfirðings og UMSS**

Tölt, 6. sæti í forkeppni á Gígju frá Hrafnstöðum

Tölt 5. sæti í A-úrslitum á Gígju frá Hrafnstöðum

#### **Opin gæðingakeppni Hrings, úrtaka fyrir Landsmót**

Tíunda sæti í forkeppni á Gígju frá Hrafnstöðum

Fimmta sæti í A-úrslitum á Gígju frá Hrafnstöðum

Tólfta sæti í ungmennaflokki, á Glóð frá Dalvík

#### **Landsmót hestamanna**

79. sæti í forkeppni á Gjafari frá Hrafnstöðum

#### **Stórmót Hrings**

Skeið 250m., opinn flokkur, á Gjafari frá Hrafnstöðum

Gæðingaskeið, opinn flokkur, á Gjafari frá Hrafnstöðum

Flugskeið 100m., opinn flokkur á Gjafari frá Hrafnstöðum

Fjörgangur í ungmennaflokki, A-úrslit, Sókrates frá Dalvík

Tölt í ungmennaflokki, A-úrslit á Glóð frá Dalvík

#### **Skeiðleikar Náttfara**

Skeið 250m., fjórða sæti í opnum flokki á Trú frá Dalvík

Flugskeið 100., 12. sæti í opnum flokki á Náttari frá Dalvík

Skeið 150m., 7. sæti í opnum flokki á Jódísi frá Dalvík

#### **Skeiðað á Melgerðismelum**

Flugskeið 100., 7 sæti í opnum flokki á Drífu Drottningu frá Dalvík

### **Steinunn Birta Ólafsdóttir (f. 2001)**

#### **Æskulýðsdeild Léttis**

Fjörgangur, 5. sæti í forkeppni á Þresti frá Dæli

Fjörgangur, 3. sæti í A-úrslitum á Þresti frá Dæli

### **Firmakeppni Hrings**

Fyrsta sæti á Þresti frá Dæli

### **Opin gæðingakeppni Hrings, úrtaka fyrir Landsmót**

Þriðja sæti í forkeppni á Þresti frá Dæli

Fjórða sæti í A-úrslitum á Þresti frá Dæli

### **Landsmót hestamanna**

53. sæti í forkeppni á Þresti frá Dæli

### **Stórmót Hrings**

Fjörgangur, 5. sæti í forkeppni á Þresti frá Dæli

Fjörgangur, 5. sæti í A-úrslitum á Þresti frá Dæli

### **Nikola Anisiewicz (f. 2003)**

#### **Stórmót Hrings**

Fjörgangur á Dalvíking frá Dalvík

Tölt á Dalvíking frá Dalvík

Skeið á Blævari frá Dalvík

### **Laufey Steingrímsdóttir (f. 2003)**

#### **Firmakeppni Hrings**

Annað sæti á Sprengju frá Dalvík

### **Bil Guðröðardóttir (f. 2006)**

#### **Firmakeppni Hrings**

Fimmta sæti á Nýgínu frá Hryggstekk

### **Karítas Lind Guðmundsdóttir (f. 2008)**

#### **Firmakeppni Hrings**

Sjötta sæti á Djákna frá Hrafnstöðum

## **Að lokum**

Undanfarið ár höfum við unnið að því að bjóða upp á verkefni sem höfðu til drengja, eins og t.d. hindrunarstökk og bogfimi á hestum. Við viljum halda áfram á þessari braut þar sem við finnum fyrir auknum áhuga. Eins og fyrr segir stefnum við á að kynna reiðnámskeiðin í upphafi árs fyrir grunnskólabörnum.



Það er von okkar að með því náum við til enn fleiri barna og unglunga. Einnig höfum við áhuga á að ná betur til barna af erlendum uppruna; enda er tungumál hestsins alþjóðlegt.

Hestamannafélagið Hringur er fámennt félag enda í litlu samfélagi og oft langar okkur að gera og bjóða upp á svo miklu meira en okkar fámenni barnahópur kemst yfir. Áhuginn og krafturinn er mikill hjá félagsmönnum og hvert sem leitað er mæta fulltrúar Æskulýðsnefndar velvilda og hjálpsemi, hvort sem um er að ræða vegna mótahalds, vöflubaksturs eða dómaraæslu. Félagsmenn allir sem einn styðja æskulýðsstarfið, enda gera þeir sér grein fyrir að æskan er framtíð félagsins.

Viljum við sérstaklega þakka eftirfarandi aðilum fyrir að vera okkur innan handar þegar á þarf að halda: Víkingur Daníelsson fyrir vöflubakstur, Lilja Reynisdóttir formaður Hrings fyrir hennar ævarandi þula-hlutverk, Stefán Friðgeirsson og Svavar (Svabbi skeiðkappi) Hreiðarsson fyrir dómaraæslu, en sá síðarnefndi hefur einnig farið óteljandi ferðir um Svarfaðardalinn með gömul og þæg hross fyrir börnin okkar. Anton V. (Villi) Hallgrímsson og allir hinir í reiðgerðis nefndinni fyrir undirbúning á reiðgerðinu fyrir námskeið og mót, Sveinbjörn (Simbi) Hjörleifsson fyrir endalaus þolinmæði og lán á hestum sínum til barnanna okkar og Sigurður Marinósson fyrir hönnun og smíði á áhöldum fyrir æskulýðsstarfið.

*Fyrir hönd Æskulýðsnefndar Hrings,*

---

*Dagbjört F. Ásgeirsdóttir, formaður.  
Dalvík, 24. september 2018.*